Opnunartími sundlauganna

Neslaug: miðvikudaga 17-22 og laugardaga 13-18

Skeiðalaug: mánudaga og fimmtudaga 18-22

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps 3.árg. 2.tbl. febrúar 2023

Opnunartími á gámasvæðinu í Árnesi

miðvikudaga 14:00-17:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlaugina í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnesi opnir allan sólarhringinn

Pistill frá sveitarstjóra

Það hefur verið lítið um frí hjá mér síðan ég hóf störf sem sveitarstjóri og mikil vinna. Ég ákvað því að skella mér á heilsuhótel í lok janúar í Póllandi sem ég hef oft gert áður til að hlaða batteríin. Í för með mér eru Sigurður Unnar frá Skarði, Gylfi frá Steinsholti, Þórður matráður og Georg frá Ólafsvöllum. Hér dveljum við í góðu yfirlæti, borðum grænmeti og stundum mikla hreyfingu. Við komum heim léttir á fæti og fullir af orku í byrjun febrúar. Gaukurinn er því að þessu sinni skrifaður frá Póllandi.

Það var mikil skemmtun að mæta á Þorrablótið í Árnesi og þrátt fyrir að þétt væri setið komust færri að en vildu. Skemmtiatriðin voru til fyrirmyndar og hljómsveitin góð. Þorrablótsnefndin á þakkir skilið fyrir góða skemmtun.

Það er mikill kraftur í undirbúningi við breytingar á Skeiðalaug. Á næsta sveitarstjórnarfundi mun ég leggja fram kostnaðaráætlun til staðfestingar á fyrsta áfanga breytinganna sem mun fela í sér að fjölga heitum pottum, bæta við köldum potti, setja upp innrauða klefa o.fl. Ef allt gengur eftir þá munu þessar framkvæmdir klárast fyrir vorið og stefnum við á að hafa opið alla daga vikunnar í sumar.

Það má segja að virkjanamálin séu stærsta verkefnið þessa dagana. Það er mikil vinna að fara í gegnum öll þau gögn sem fylgja umsókninni um framkvæmdaleyfi Hvammsvirkjunar. Þann 4. janúar komu fulltrúar Landsvirkjunar á fund sveitarstjórnar og kynntu umsóknina. Á kynninguni komu fram góðar upplýsingar um verkefnið og þá sérstaklega tímalínuna sem Landsvirkjun vinnur eftir, sem miðar að því að framkvæmdir hefjist í sumar. Það er þó háð því að sveitastjórnir Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra veiti framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni. Til þess að hægt sé að veita framkvæmdaleyfið verður að tryggja það að samfélagið okkar eflist og dafni við þessa miklu framkvæmd. Svo að allir verði upplýstir um alla vinnuna sem hefur átt sér stað síðustu mánuði verður boðað til íbúafundar um Hvammsvirkjun miðvikudaginn 15. febrúar kl.20:00 í Árnesi. Þar mun ég fara yfir öll gögn, tímalínuna sem er framundan og hvar við stöndum í ferlinu. Ég vona að sem flestir sjái sér fært að mæta. Það skiptir miklu máli að allir séu vel upplýstir um þetta mikilvæga verkefni sem mun ekki bara breyta samfélaginu okkar til frambúðar heldur skapa fordæmi fyrir þær virkjanir sem verða byggðar í byggð í framtíðinni.

Í lok janúar tók ég þátt í stefnumótun samtaka orkusveitarfélaga. Það er sami hljómgrunnur hjá þeim sveitarfélögum þar sem orkan verður til. Til þess að sátt náist um framtíðar orkuöflun á Íslandi,

hvort sem er með virkjun vatns, vinds eða jarðhita þá verður að ná fram breytingum á lagaumhverfi orkuframleiðslu og raforkunotkunar. Tryggja þarf að nærumhverfið, þar sem orkan verður til, njóti ávinnings af þeim verðmætum sem orkan skapar. Vinnan mun halda áfram næstu vikur og mánuði og tel ég að saman munu sveitarfélögin ná árangri sem leiði af sér lagabreytingar sem skapar sátt um orkuskiptin sem eru framundan.

Fimmtudaginn 19. janúar þurfti að rjúfa veginn við Stóru Laxá til að verja nýju brúna sem er í smíðum. Þetta hefur þýtt að unglingarnir okkar sem sækja Flúðaskóla hafa þurft að keyra auka 40 km á dag í skólann. Miklar rigningar síðustu daga hafa gert það að verkum að lokunin stendur enn yfir þegar þetta er skrifað, þó vonandi verður hægt að opna veginn á næstu dögum.

Það liggur fyrir að mikil uppbygging íbúða er fyrirhuguð í Árnesi. Vinna er hafin við að undirbúa hvernig byggðin geti þróast og mikilvægt að fá íbúa að því samtali. Við munum halda íbúafund um framtíðar uppbyggingu í Árnesi þriðjudaginn 28.febrúar kl. 20:00 í Árnesi. Þar förum við yfir núverandi skipulag, hvaða breytingar þarf að gera og leggja fram ýmsar hugmyndir um framtíðar uppbyggingu. Á sveitastjórnarfundi 19. október 2022 óskuðu Rauðukambar ehf eftir landssvæði á Reykjanesinu til að byggja upp íbúðabyggð. Þeir hafa hugmyndir um að byggja upp íbúðir, bæði fyrir eigin starfsmenn og til sölu á almennum markaði. Á fundinum verða kynntar hugmyndir að því hvernig sú uppbygging gæti litið út. Ég hvet sem flesta til að mæta og taka þátt í að móta framtíðar uppbyggingu í Árnesi.

Það hefur gengið vel að ná utan um rekstur sveitarfélagsins. Bæði ég og Sylvía höfum verið mjög samstíga í fjölmörgum hagræðingaraðgerðum síðustu mánuði, aðgerðum sem hafa skilað góðum árangri án þess að draga úr þjónustu. Síðasta ár skilar góðum afgangi og hlakka ég mikið til að geta kynnt ársreikning sveitarfélagsins í vor.

Kveðja,

Haraldur Þór Jónsson

REKSTRARVÖRUR TIL HEIMILIS

Gæludýrafóður, olíuvörur, vinnugallar og fleira!

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Skeiðalaug

Nú er ég komin aðeins inn í sundlaugar starfið og gengur það ágætlega. Ótrúlega gaman að hitta sundlaugargesti og kynnast nýjum sveitungum. Það er margt fram undan og stór verkefnalisti í vinnslu. Markmið okkar í uppbyggingu Skeiðalaugar er að halda í einstaka arkitektúrinn sem laugin er. Búið er að teikna upp tvo nýja heita potta sem verða staðsettir upp á áhorfendapöllunum hjá hringstiganum. Einnig er búið að ákveða staðsetningu á köldum potti sem verður inni svo hægt sé að nýta hann allt árið um kring. Hvíldarherbergið er farið niður og í vinnslu að setja þar infrarauða saunu. Síðast en ekki síst er búið að taka í gegn kjallarann í húsinu og verið að undirbúa hann sem líkamsræktaraðstöðu sem íbúar geta keypt sér aðgang að fljótlega. Eins og þið heyrið er nóg um að vera. Nú er það bara að mæta í laugina og njóta.

Endilega fylgist líka með á samfélagsmiðlunum: **@skeidalaug**

Viktoría Rós Guðmundsdóttir
Umsjónaraðili Skeiðalaugar & félagsheimilis í Brautarholti
Sími: 772-2484
Netfang: viktoriaros@skeidgnup.is

Íbúafundur

um stöðu framkvæmdaleyfis vegna byggingar á

Hvammsvirkjun

verður haldinn í Árnesi

miðvikudaginn 15. febrúar kl. 20:00

Á fundinum verður farið yfir vinnu síðustu mánuði og íbúar upplýstir um stöðuna á verkefninu. Við hvetjum sem flesta til að mæta svo allir séu vel upplýstir um verkefnið og það sem er framundan.

Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri

Nýtt frá leikdeildinni

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót og er dreift á öll heimili í sveitarfélaginu. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson

Nýtt frá leikdeildinni

Þessa dagana er nóg um að vera hjá leikdeildinni enda eru æfingar á leikriti vetrarins nú í fullum gangi. Að þessu sinni setjum við upp leikritið „Vitleysingarnir" sem er fjörugt, fyndið og krassandi stykki eftir Ólaf Hauk Símonarson. Ólafur Haukur er þjóðinni að góðu kunnur fyrir sínar fjölmörgu skáldsögur, ljóðabækur og smásögur en einnig mörg vinsæl leikrit fyrir svið, útvarp og sjónvarp. Þó leikritið Vitleysingarnir hafi verið skrifað fyrir rúmum tveimur áratugum á það vel við enn þann dag í dag og varpar skoplegri sýn á samfélagið með persónum sem auðvelt er að tengja við, jafnvel þó árið sé nú 2023. Verkið sýnir á gamansaman hátt hvernig hið daglega amstur og hraðinn á gervihnattaöld gefur í skyn að allt sé í sóma en undir yfirborðinu kraumar einmannaleikinn og erfiðari tilfinningar.

Við í leikdeildinni erum svo heppin að hafa fengið til liðs við okkur leikstjórann Ólaf Jens Sigurðsson. Ólafur Jens útskrifaðist í leikstjórn frá Bristol Old Vic Theatre School árið 2002 og með mastersþróf frá listkennsludeild Listaháskóla Íslands árið 2015. Ólafur Jens hefur leikstýrt fjölda áhugaleikfélaga um allt land við góðan orðstýr. Það hefur verið einstaklega skemmtilegt að vinna að þessari uppsetningu undir hans stjórn.

Við hvetjum því ykkur, kæru sveitungar, til að fjölmenna í leikhúsið og njóta menningar með okkur. Allar sýningar verða í Árnesi sem hér segir:

Frumsýning föstudagskvöldið 3. mars 2023 kl 20:00
Önnur sýning sunnudagskvöldið 5. mars 2023 kl 20:00
Þriðja sýning fimmtudagskvöldið 9. mars 2023 kl 20:00
Fjórða sýning laugardagskvöldið 11. mars 2023 kl 20:00
Fimmta sýning sunnudagskvöldið 12. mars 2023 kl 20:00

Leikhúskveðjur, stjórn leikdeildarinnar

Samstarf Leikholts og Þjórsárskóla

Nemendur í skólahóp í Leikholti og 1.bekk Þjórsárskóla.

Nú þegar starfið er komið á fullt hjá okkur á nýju ári er vert að nefna einn mikilvægan þátt í skólastarfinu hjá okkur. Það er aðlögun barnanna úr leikskólanum yfir í grunnskólann. Til að grunnskólaganga barna hefjist á farsælastan hátt er nauðsynlegt að vel sé staðið að þessum málum. Samstarf milli leikskóla og grunnskóla getur verið allt frá einni heimsókn upp í vandaðar reglulegar heimsóknir yfir lengri tíma.

Löng hefð er fyrir góðu samstarfi hér í sveit hvað þetta varðar. Börnin fara reglulega í heimsóknir allt síðasta skólaárið sitt í leikskólanum. Þau enda svo á því að taka þátt í heilum skóladegi þar sem þau æfa sig meðal annars í að fara með skólabílnum. Það sem er ekki síður mikilvægt er að nemendur í 1. bekk koma einnig í heimsókn í leikskólann.

Við búum auðvitað einnig að því að við getum gert ráð fyrir að börnin fari í sama skólann en það er ekki þannig alls staðar, þar sem börn fara gjarnan í sína hverfisskóla þegar leikskólagöngunni líkur og gerir það óneitanlega svona samstarf mun snúnara.

Þetta er lítið dæmi um hvers vegna það er gott að búa og ala upp börn í fámennu og öflugu sveitarfélagi eins og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Anna Greta, leikskólastjóri Leikholts
Bolette, skólastjóri Þjórsárskóla

Hjónaballsnefndin er búin að finna enn eina dagsetningu fyrir Hjónaballið okkar :-) **Ballið verður haldið þann 25 mars 2023** (dagsetning nr. 6) í Brautarholti og verður með frekar hefðbundnu sniði, þó er aldrei að vita hvað okkur dettur í hug. Grillvagninn mætir og við reynum á næstu dögum að finna út úr því hvað hjómsveitin heitir sem við pöntuðum.
En aðal málið er að halda ball og hafa gaman, Takið daginn frá.
kær kveðja ÞRIGGJAÁRANEFNDIN

Óska eftir **jörðum** um allt land



HAFIÐ SAMBAND
við Jón Rafn í síma **695 5520**

- **Árangursrík** sala á jörðum um allt land
- **Fagleg** ljósmyndun og lýsing
- **Auglýst** í öllum helstu miðlum
- **Stór kaupendahópur** á skrá
- **Fagleg vinnubrögð**

Jón Rafn
Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

MIKLABORG

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Barnalukka í sveitinni okkar

Í janúar fjölgaði í sveitarfélaginu okkar þegar þrír nýir einstaklingar komu í heiminn. Við óskum fjölskyldunum til hamingju með nýja fjölskyldumeðliminn

Hannes Ólafur Gestsson og Sophie Susanna Dobernigg búsett í Brautarholti eignuðust dóttur á landspítalanum í Reykjavík 17. janúar 2023.
Stúlkan vóg 3140 gr og 50 cm.

Vilmundur Jónsson og Tanja Rún Jóhannsdóttir búsett í Brautarholti. Eignuðust dóttur þann 15. janúar í Reykjavík.
Stúlkan vóg 13.5 merkur og var 50 cm

Oddgeir Eiriksson og Matthildur Maria Guðmundsdóttir búa í Sandlækjarkoti. Eignuðust dóttur 8. Janúar á Selfossi. Stúlkan vóg 17,5 merkur og 53cm.

Íbúafundur

um þróun byggðar í Árnesi

verður haldinn í Árnesi

þriðjudaginn 28. febrúar kl. 20:00

Framundan er vinna við að skipulegga hvernig byggðin mun þróast í Árnesi. Aðeins eru örfáar einbýlishúsalóðir lausar og fyrirliggjandi er mikil uppbygging og eftirspurn eftir húsnæði í Árnesi. Við viljum eiga samtal við íbúa um þá uppbyggingu sem er framundan og fá öll sjónarmið uppá borðið.

Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri

Myndir frá undirbúningi

þorrablóts í Árnesi



Myndir frá

þorrablótinu í Árnesi

Ólafur Einarsson, *íbúi mánaðarins*

Hverra manna ert þú ?
Foreldrar mínir eru Einar Ólafsson og Erna Freyja Oddsdóttir sem eru bæði fædd og uppalin í Reykjavík. Það eru hins vegar sterkar rætur sem liggja upp á Skaga, Mosfellsdal, Bessastaði og Borgundarhólms.

Hvar býrðu ?
Ég bý í Mýrinni eins og sagt er þó ég kalli hana ávallt sínu fallega nafni Áshildarmýri. Þar búum við frúin upp á hraunbrún Merkurhrauns rétt við Skollaþúfu.

Hvar hefur þú alið manninn ?
Eftir að hafa búið lengst af í Reykjavík með nokkra ára stoppi á Bifröst þá fluttum við fjölskyldan til Bretlands sem átti að vera til prufu í nokkur ár. Árin í Bretlandi urðu hins vegar um 15 í heildina.

Hvernig endaðir þú í sveitinni ?
Við keyptum sumarbústaðarlóð við Áshildarveg í Áshildarmýri árið 2006 og ætluðum að byggja lítið sumarhús í rólegheitunum. Flutningurinn til Bretland kom hins vegar upp skömmu síðar svo við byrjuðum ekki á neinum framkvæmdum og lóðin beið róleg. Þegar flutningur aftur til Íslands komst á skipulagið þá var komin af stað vinna við að breyta skipulagi hér í sveitinni svo það mætti byggja íbúðarhús við Áshildarveg. Við hjónin ræddum þetta svona part úr degi og ákváðum að byggja frekar í sveitinni heldur en að fara aftur til Reykjavíkur. Varð það úr að við keyptum einingahús, fundum símanúmer hjá Selásbyggingum í auglýsingu í Gauknum og hann Hákon Páll með sínu teymi kom upp húsinu veturinn 2020-2021 og fluttum við inn í húsið seinnipart júní 2021.

Við hvað vinnur þú hér í sveitinni ?
Ég vinn sem ráðgjafi hjá Rue de Net fyrir viðskiptahugbúnað frá Microsoft og fer flesta daga til Reykjavíkur. Það er hins vegar mjög gott að vinna heima í sveitinni og ég stefni að því að gera meira af því.

Hvernig eyðir þú frítíma þínum ?
Áhugamálin snúast að mestu í kringum

tölvur og tækni en núna stendur til að prufa hvort grænir fingur leynist hjá manni til þess að taka þátt í áhugamáli konunnar og hvort það sé hægt að rækta eitthvað skemmtilegt fyrir eldhúsið.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór ?

Minni um miðjuna, grænni um fingurna og landkönnuður í sveitarfélaginu sem ég rata ekkert um enn þá.

Gamla dularfulla húsið

2. Þáttur: febrúar.

Ég svaf ekki mikið, ég var of hræddur. Allan mánuðinn hafði ég reynt að passa mig að hugsa ekki um þetta, en að lokum gat ég ekki meir. Ég var alltof forvitinn. Og það voru mestu mistök sem ég hef nokkurn tíma gert. En fyrst, verð ég að segja ykkur aðra sögu.

> *Karlsson leit út um gluggann og starði á þennan óboðna gest. Hann hataði óboðna gesti. Hann fór aftur inn, dró gluggatjöldin fyrir og skreið niður í dimman kjallarann.*

Þegar ég byrjaði í skólanum átti ég fáa vini. Og enginn vildi koma nálægt „nýja krakkanum“ af því að það var „Lúðalegt“. Ég hataði að eiga enga vini. Var alltaf svo einmana. Það var líka einn strákur, hann Andri, sem gerði stundum grín af mér. Hann var alltaf að stríða mér og lagði mig í einelti.

Einn þriðjudags morgunn, kom kennarinn inn í tíma, þungur á brún. „Ég þarf að segja ykkur sorglegar fréttir. Hann Andri er horfinn.” Öllum í bekknum brá, mér líka. „Hann stalst að gamla dularfulla húsinu og fór inn... og kom ekki aftur út...”

Höfundur
Bergur Tjörvi Bjarnason,
Hraunbrún

Á bak við eldavélina, *Álfheiður Viðarsdóttir, Ásum*

Þegar ég var beðin um að vera „á bak við eldavélina“ í Gauknum datt mér strax í hug fiskibollurnar hennar ömmu. Þær eru í uppáhaldi hjá öllum í minni fjölskyldu og besta hrós sem ég hef fengið fyrir þær var þegar pabbi sagði að þær væru alveg eins og hjá mömmu :)

Miklu máli skiptir að fiskurinn sé ferskur . En við erum svo heppin að eiga vin sem er sjómaður og fáum alltaf reglulega sendingu af glæ nýjum þorski. Ég nota alltaf þorsk en það má nota hvaða fisk sem er. Ég hef meira að segja búið til bollur úr bæði lúðu og skötusel. Það er sko spariútgáfan :)

2 fiskflök og 1 stór laukur hakkað saman
3 bollar hveiti
1 ½ teningur kjötkraftur leystur upp í tæpum bolla af sjóðandi vatni (Ég nota Klar bullion frá Knorr)
2 tsk salt
4 tsk aromat
½ bolli kartöflumjöl
¼ bolli sykur
2 tsk lyftiduft
2 stór egg
Smá mjólk til að þynna ef þarf.

Allt hrært saman þangað til að deigið er orðið mátulega þykkt (ekki of þykkt sem sagt) og búnar til bollur. Ég léttsteiki þær oft og set þær svo í ofnpott ásamt smjöri/smjörlíki inn í ofn í ca 20 min. Oftast eru kartöflur, feiti og tómatsósa með en stundum bý ég til hvítkálssalat

Hvítkál er þá skorið niður í hæfilega bita. Í bolla set ég 3 msk matarolíu, 4-5 msk rjóma, 1 tsk sykur, ¼ tsk pipar 1 msk tómatsósu og væna gusu af sítrónusafa. Þessu er svo hrært saman og hellt yfir kálið.

Ég þakka fyrir að fá að leggja mitt að mörkum bak við eldavélina, verði ykkur að góðu.

Álfheiður Viðarsdóttir, Ásum

Villtu koma og vinna með okkur
Atvinna í boði

Óskum eftir matráð í eldhúsið okkar í félagsheimilinu Árnesi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Við erum með skólamötuneyti, heilsueflandi skóli, þar sem eldað er fyrir grunnskólann, leikskólann, velferðarþjónustu ásamt starfsfólki og öðrum vinnumönnum sem gera ca 150 skammta á dag. Þarf að geta unnið sjálfstætt, vera skipulagður og stundvís. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Möguleiki er á að útvega íbúð á staðnum.

Rekinn er veitingastaður þarna yfir sumartímann og veisluþjónusta

Helstu verkefni:
- Bera ábyrgð á matseld, innkaupum og skipulagi
- Sér um innkaup, pantanir á mat og öðrum aðföngum.
- Frágangur og þrif auk annarra tilfallandi verkefna

Hæfniskröfur:
- Þekking og meðvitund um næringargildi og hollustu í matargerð.
- Þekking á bráðaofnæmi og óþoli.
- Menntun á sviði matreiðslu eða reynslu af sambærilegu starfi
- Hreinlæti og snyrti mennska
- Góð samskipti og íslenskukunnátta

Einnig vantar okkur í þrif og aðstoð í eldhúsi hlutastaf og sveigjanlegur vinnutími, sumarvinna á tjaldsvæði gistiheimili og félagsheimilinu.

Upplýsingar í síma 698-4342 eða e-mail: arnes@islandi.is

Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997

FÉLAGSVIST

8. Febrúar - 18.30

15. Febrúar - 18.30

24. Febrúar - 19.30

Brautarholt

500 kr.

Veglegir vinningar

Sjoppa

Við mælum með að allir spilarar hafi fengið smá æfingu svo að allir njóti sín sem best!

		1				9		6
4			7		6	8		1
	2		8					
		3		5		1		
1	9	5			7	3		2
				1				
3					9			5
				6	2	7		
	7		5	3		2		

	5		9		4			
						8	1	3
2								
6		2			8		5	
		5					3	6
					1	9		
		8		4		3		
	4					1		
			1		6			

Hvað er á prjónunum ?

Sælir lesendur góðir.
Það sem ég er með á prjónunum núna er peysa úr Drops Soft Tweet garni og uppskriftin heitir Whitmoor eftir Ami Lowden (https://www.ravelry.com/patterns/library/whitmoor-sweater)
Þetta er önnur peysan sem ég prjóna eftir þessari uppskrift, fyrst prjónaði ég eina drappaða á mig og síðan pantaði tengdadóttir mín hún Elfa (frá Skaftholti) aðra sem ég er að klára núna. Mjög gott að prjóna úr þessu garni, yndislega mjúkt og uppskriftin vel skrifuð og auðvelt að fylgja henni.
Þegar ég verð búin með þessa peysu bíður mín skemmtilegt verkefni því að mér var gefinn lopi og band úr ull af feldfénu hennar Lísu í Gesthúsum. Þetta eru tveir gráir litir og lopinn er svo mjúkur, ótrúlega ólíkur venjulegum

lopa og núna er ég að reyna að ákveða mig hvað ég prjóna úr honum.
Með prjónakveðju, Birna á Reykjum.

Fundargerðir sveitarstjórnar

Sveitarstjórn 2022-2026. 13. fundur 04. janúar 2023 kl. 09:00 - 12:15
Mættir: Haraldur Þór Jónsson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Gunnar Örn Marteinsson, Vilborg Ástráðsdóttir, Kjartan H. Ágústsson í forföllum Karenar Óskarsdóttur.
Fundargerð ritaði: Haraldur Þór Jónsson
Erindi til sveitarstjórnar til afgreiðslu og umfjöllunar:
1.Skýrsla sveitarstjóra á 13. sveitarstjórnarfundi
Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að á síðustu tveimur vikum:
Uppbygging orkusækinnar starfsemi
Hvammsvirkjun - kynning á umsókn um framkvæmdaleyfi
Ný skóla- og velferðarþjónusta
Nýr umsjónarmaður í Brautarholti
Hestamannafélagið Jökull styrktarsamningur
Fundur með forstjóra Landsvirkjunar
Snjómokstur í sveitarfélaginu
2. Útleiga á Fossá
Tilboð í veiðirétti í Fossá í Þjórsárdal voru opnuð 6. desember sl. og bárust tvö tilboð skv. auglýsingu og eitt frávikstilboð. Eftir yfirferð tilboða var tilboð frá Flyfishing Iceland ehf metið sem hagstæðasta tilboðið.
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með þremur atkvæðum að semja við Flyfishing Iceland ehf um útleigu á veiðirétti í Fossá til áranna 2023-2026. Gunnar Örn Marteinsson og Kjartan H. Ágústsson sitja hjá. Sveitarstjóra falið að ganga frá leigusamningi.
3. Vikurnámur í Búrfelli
Tilboð í vikurnámur í Búrfelli voru opnuð 13.desember sl. og bárust tvö tilboð. ST

eignarhaldsfélag fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags átti hæsta tilboðið. Sveitarstjóri hefur kannað hæfi ST eignarhaldafélags og uppfylla þeir kröfur sem settar voru fram á hendur bjóðenda.
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að taka tilboði ST eignarhaldsfélags fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningum.

4. Kynning á framkvæmdaleyfi Hvammsvirkjunar

Starfsmenn Landsvirkjunar komu inná fundinn og kynntu umsókn Landsvirkjunar á framkvæmdaleyfi til byggingar Hvammsvirkjunar. Umræður urðu um fyrirhugaðar framkvæmdir og áhrif þeirra á nærsamfélagið.

5. Fundargerð Sorpstöðvar Suðurlands

Lögð fram fundargerð stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 316. Í fundargerðinni kemur fram að stjórn SOS lýsi yfir áhuga á að taka þátt í hlutafjáraukningu Orkugerðarinnar ehf. Núverandi hlutur SOS í Orkugerðinni er 34,1% og verður hlutafé Orkugerðarinnar ehf. aukið um 90 miljónir til þess að tvöfalda afköst verksmiðjunnar. Stjórn SOS óskar eftir heimild frá aðildarsveitarfélögunum til að ganga inní kaupin til að viðhalda eignarhlut sínum og kaupa hlutafé fyrir að hámarki 30.690.000 kr.
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að heimila stjórn SOS að taka þátt í hlutafjáraukningu Orkugerðarinnar ehf og kaupa hlutafé í Orkugerðinni ehf að hámarki 30.690.000 kr.

6. Fundargerð Samtaka orkusveitarfélaga nr. 54.

Fundargerð lög fram til kynningar.

7. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélag nr. 916.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn 2022-2026. 14. fundur 18. janúar 2023 kl. 09:00 - 11:30

Mættir: Haraldur Þór Jónsson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Gunnar Örn Msrteinsson, Karen Óskarsdóttir og Vilborg Ástráðsdóttir
Fundargerð ritaði: Sylvía Karen Heimisdóttir
Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera. Leitað var frábrigða. Óskaði oddviti eftir því að bæta fundargerð skipulagsnefndar inn á dagskrá fundar ásamt fundargerð aukafundar Héraðsnefndar Árnesinga og var það samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum. Fundargerð skipulagsnefndar verður 10. dagskrárliður fundarins og fundargerð aukafundar Héraðsnefndar Árnesinga verður 11. dagskrárliður fundarins.
Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1.Skýrsla sveitarstjóra á 14. sveitarstjórnarfundi

Sveitarstjóri fór yfir stöðu á eftirfarandi verkefnum sem unnið hefur verið að á síðustu tveimur vikum:
Stjórnsýsluskoðun KPMG
Skeiðalaug
Verndaráætlun Þjórsárdals
Upphaf innleiðingar á mála- og skjalakerfi
Vikurnámurnar í Búrfelli
Skóla- og velferðarþjónustan
Tækifæri í orkuháðum iðnaði
Starfsmannamál á skrifstofunni
Staðan á vinnu við framkvæmdaleyfisbeiðni Hvammsvirkjunar

2. Tekjuviðmið 2023

Uppreiknuð tekjuviðmið ársins 2023 lögð fram til samþykktar. Einstaklingar 67 ára og eldri og einstaklingar sem eru 75% öryrkjar eða meira geta sótt um afslátt af fasteignagjöldum þeirrar íbúðar sem þeir eiga lögheimili í og miðast afslættir við útgefin tekjuviðmið í upphafi hvers árs. Útreikningar um tekjuviðmið 2023 taka breytingu milli ára samkvæmt breytingu á vísitölu neysluverðs á tímabilinu desember 2021 til desember 2022.
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum uppreiknuð tekjuviðmið vegna ársins 2023.

3. Breyting á reglum um tómstundarstyrk vegna innleiðingar á Sportabler

Lögð fram tillaga að breytingu á reglum um tómstundastyrk í tengslum við innleiðingu greiðsluferils tómstundastyrks í gegnum hvatakerfi Sportabler.
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjarhepps samþykkir með fimm atkvæðum breytingu á reglum um tómstundastyrk.

4. Auka aðalfundur Bergrisans

Stjórn Bergrisans boðar til aukaaðalfundar Bergrisans þann 20. febrúar nk.
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps skipar Harald Þór Jónsson, Bjarna H. Ásbjörnsson og Karen Óskarsdóttir til að sækja fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

5. Fundargerðir Menningar- og æskulýðsnefndar
Hrönn Jónsdóttir kom inn á fundinn undir þennan lið, fyrir hönd nefndarinnar, og ræddi um starfsskyldur nefndarinnar skv. erindisbréfi.
Fundargerðir Menningar- og æskulýðsnefndar frá 15. nóvember 2022 og 8. janúar 2023 lagðar fram til kynningar.
Hrönn Jónsdóttir yfirgaf fundinn.

6. Styrktarsamningur við Hestamannafélagið Jökul
Lagður fram til staðfestingar styrktarsamningur milli Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps og Bláskógabyggðar annars vegar og Hestamannafélagsins Jökuls hins vegar, sem undirritaður var hinn 29. desember sl.
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps staðfestir með fimm atkvæðum styrktarsamning sveitarfélaganna í uppsveitum við Hestamannafélagið Jökul.

7. Fundargerð Arnardrangs hses.
Fundargerð 1. fundar stjórnar Arnardrangs hses lögð fram til kynningar.

8. Fundargerðir Bergrisans
Fundargerðir 47. og 48. funda stjórnar Bergrisans lagðar fram til kynningar.

9. Fundargerð Sorpstöðvar Suðurlands
Fundargerð félagafundar Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) lögð fram til kynningar.

10.Fundargerð 252. fundar skipulagsnefndar UTU.
Reykholt í Þjórsárdal; Deiliskipulagsbreyting – 2208038.
Lögð fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar breytingu á deiliskipulagi Reykholts í Þjórsárdal eftir auglýsingu. Í breytingunni felst að hliðra til byggingarreit B1. Breyta lóðarmörkum lítillega án þess þó að breyta lóðarstærð, uppfæra byggingarmagn á byggingarreitum og skilmála um lón og að bæta inn byggingarreit yfir borholu. Tilgangur breytinganna er að fella megi byggingar fyrirhugaðra fjallabaða betur að landinu. Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingartíma breytingartillögunar sem eru lögð fram til afgreiðslu málsins ásamt andsvörum og viðbrögðum umsækjanda og uppfærðum gögnum.
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum deiliskipulagsbreytingu eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og framlagðrar samantektar vinnsluaðila deiliskipulagsbreytingarinnar sem lögð er fram við afgreiðslu málsins. Samþykkt er að breytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðanda að lokinni yfirferð Skipulagsstofunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Kálfhóll 2 L166477; Stofnun lóðar – 2212071
Lögð fram umsókn frá Gesti Þórðarssyni er varðar stofnun lóðar úr landi Kálfhóls 2. Um er að ræða 3ha lóð sem fær staðfangið Kálfhóll 3 sbr. umsókn.
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum stofnun 3ha lóðar úr landi Kálfhóls 2 og bendir á að forsenda framkvæmda sé gerð deiliskipulags innan lóðarinnar.
Fundargerð aukaaðalfundar Héraðsnefndar Árnesinga
Fundargerð vegna aukaaðalfundar Héraðsnefndar Árnesinga haldinn 10. janúar sl. lögð fram, auk bréfs frá formanni Héraðsnefndar dags. 16. janúar 2023, þar sem kynnt er samþykkt Héraðsnefndar á 3. lið fundargerðarinnar varðandi húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins. Tekin var til afgreiðslu 3 liður fundargerðar þar sem samþykkt var að veita framkvæmdastjórn heimild til að bjóða í Hellismýri 8, Selfossi, sem framtíðarhúsnæði fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga. Einnig var samþykkt að ráðast í framkvæmdir á Hellismýri 8 til að koma húsinu í starfshæft ástand fyrir starfsemi Héraðsskjalasafnsins. Skv. fundargerð er óskað eftir samþykki aðildarsveitarfélaganna vegna kaupa og framkvæmda á Hellismýri 8 og þeirra lánsskuldbindinga sem fylgja, að hámarki 216.220.000 kr. Gætt verður að því að taka sem hagstæðast lán fyrir kaupunum. Að öðru leyti er fundargerð lögð fram til kynningar.
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fimm atkvæðum að Héraðsnefnd Árnesinga festi kaup á Hellismýri 8, Selfossi, og að ráðist verði í framkvæmdir á húsinu til að koma því í starfshæft ástand fyrir starfsemi Héraðsskjalasafns Árnesinga. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að gangast í ábyrgð fyrir þeim skuldbindingum sem þessu fylgja.
Fundi slitið kl. 11.20. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 15. febrúar kl 09:00 í Árnesi.



SUMAR 2023

Sumarstörf hjá Landsvirkjun

Í boði eru spennandi störf á nær öllum sviðum fyrirtækisins og starfsstöðvum okkar um landið. Starfsstöðvar Landsvirkjunar eru í Reykjavík, á Sogssvæði, Þjórsársvæði, í Fljótsdal, Mývatnssvæði, við Láxárstöðvar og Blöndustöð.

Kynntu þér þau fjölbreyttu störf sem eru í boði!

Opið er fyrir umsóknir
Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar

Sótt er um störfin á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/sumarstorf

Landsvirkjun